

Húsavík 25. mars 2021

Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings
B.t. Þóris Arnar Gunnarssonar hafnarstjóra
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Efni: Ósk um heimild til að setja niður botnfestur fyrir brunnbáta við Kópasker

Undirritaður, f.h. Rifóss hf, óska leyfis Norðurþings til að setja niður botnfestur í sjó vestan lóðar fyrirtækisins á Röndinni. Festurnar þurfa að vera nokkuð veglegar, enda gert ráð fyrir 2.000-4.000 tonna brunnbátum.

Hugmyndin er að setja niður fjögur akkeri og tengiplötur. 30 mm keðja kæmi í tengiplöturnar og á milli allra punkta og 56 mm tóg upp í bát frá hverju horni. Tógið yrði fjarlægt að hausti og komið fyrir aftur að vori. Hinsvegar er gert ráð fyrir að keðjur og akkeri liggi veturlangt. Mögulegt er að setja bauju á úthorn yfir veturinn til aðvörunar, en þetta stendur þó ekki nema 1,5 m upp frá botni svo ekki ætti að skapast hættu fyrir þá báta sem geta siglt inn í höfnina. Fjarlægð frá NV-horni í innsiglingarleið væri um 100 m.

Sjá meðfylgjandi skýringarmynd.

Virðingarfyllst;
F.h. Rifóss

Jónatan Þórðarson

